

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn

Reykjavík, 14. október 2019  
UST201905-100/S.M.  
08.14.02

### Lokunareftirlit í aflagða sorpbrennslu Sorporkustöðvar Hofshrepps

Þann 11. september sl. fór fram lokunareftirlit í aflagða sorpbrennslustöð Sorporkustöðvar Hofshrepps að Svínafelli í Örafum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

a- og h-lið 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðilar atvinnurekstrar skulu tryggja að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun frá starfsemi þeirra og að allar nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar þegar starfsemi er stöðvuð endanlega til að komast hjá allri hættu á mengun og koma staðnum, þar sem starfsemin fer fram, aftur í viðunandi horf eins og skilgreint er í 16. gr. Frágangi á brennsluofni og búnaði er ekki lokið.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. nóvember, 2019.

Virðingarfyllt

  
Sigríður Magnúsdóttir

  
Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sveitarfélagið Hornafjörður Brennuflosi



<b>Dags eftirlits</b>	11.9.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sveitarfélagið Hornafjörður	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Hafnarbraut 27	<b>Tegund eftirlits</b>	Lokunareftirlit
<b>Kennitala</b>	5901694639	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Borgþór Freysteinsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bartosz Skrzypkowski	<b>Staðsetning</b>	606177,965 382904,834

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Frágangur á urðunarstað er í samræmi við lokunaráætlun og fyrirmæli um frágang og vöktun og telst því lokið. Frágangi á brennsluofni og tilheyrandi búnaði er ekki lokið og telst það frávik frá lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er varðar meginreglur um grundvallarskyldur rekstraraðila við stöðvun starfsemi.

### UMFANG EFTIRLITS

Starfsleyfi fyrir Sorporkustöð Hofshrepps var gefið út af Hollustuvernd ríkisins 21. júní 1993. Sorporkustöðinni var lokað árið 2011 og fyrirmæli um frágang og vöktun urðunarstaðarins voru gefin út 10. apríl 2013. Í bréfi frá sveitarfélaginu Hornafirði til Umhverfisstofnunar dags. 8. september 2011 kemur fram að ofn sorpbrennslunnar hafi verið aftengdur, ætlunin sé að taka hann niður um veturinn og koma í endanlega förgun.

Farið var í lokunareftirlit í aflagða Sorporkustöð Hofshrepps og á urðunarstað sem henni tilheyrði og gerð úttekt á frágangi urðunarstaðarins og sorpbrennslunnar.

Frágangi á urðunarstaðnum er lokið og lítil sem engin ummerki um að þar hafi farið fram urðun.

Frágangi sorpbrennslunnar er ekki lokið. Skorsteinn hefur verið fjarlægður en brennsluofn og tilheyrandi búnaður hefur staðið óhreyfður frá því að sorpbrennslunni var lokað.

#### Frávik frá

a og h-lið 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

#### Lýsing á frávikum

Rekstraraðilar atvinnurekstrar skulu tryggja að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun frá starfsemi þeirra og að allar nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar þegar starfsemi er stöðvuð endanlega til að komast hjá allri hættu á mengun og koma staðnum, þar sem starfsemin fer fram, aftur í viðunandi horf eins og skilgreint er í 16. gr. Frágangi á brennsluofni og búnaði er ekki lokið.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.10.2019

*Sigríður Magnúsdóttir*

\_\_\_\_\_  
Sigríður Magnúsdóttir

bls. 4